

Haustönn 2022, 18. október kl.11:45

2. fundur skólanefndar FG



Mættir voru:

Andri Bergmann Isaksen fulltrúi nemenda

Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður

Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara

Hrafnhildur Guðmundsdóttir skrifstofustjóri, kom inn á fundinn og kynnti starfsemi skrifstofunnar

Hrefna Ævarsdóttir

Inga Amal

Kristinn Þorsteinsson (KÞ) skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

Sara Dögg Svanhildardóttir

Staða fjármála í FG

Fjárhagsstaða skólans er í lagi. Skólinn hefur ekki verið rekinn með halla undanfarin ár og útlit fyrir þetta ár er þokkalegt. Hugsanlega gengur lítillega á varasjóð skólans. Reiknilíkan fyrir skólann gefur til kynna að framlag til skólans 2023 vegna sérnámsbrautar dugir ekki fyrir útgjöldum deildarinnar. Þetta er víða svona í öðrum framhaldsskólum. KÞ er viss um að deildin sé vel rekin en þetta er samt sem áður í skoðun og beðið frekari upplýsinga frá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Skólanefnd hefur áhyggjur af fjármögnun starfsbrautar og þetta þarfnast frekari skoðunar. Greina þarf tölurnar betur og skoða hvort rétt sé gefið.

Skólinn styður áfram nemendur sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda þrátt fyrir að hætt sé að greiða skólum fyrir þessa nemendur. Það er ástæða fyrir þessari hækkun á milli ára.

Skólinn hefur verið réttu megin við núllið síðan frá hruni. Ekki líklegt að nafn skólans rati á lista yfir ríkisstofnanir sem eiga í vandræðum þetta árið.

Félagslíf skólans

Dagskráin fram að jólum lítur vel út, er fjölbreytt og skemmtileg.

12. október	Folkmót FG
12. - 14. október	Umsóknir fyrir FG/Flens (handbolti, fótolti, körfubolti)
20. október	FG – FLENS í Mýrinni
24. - 28. Október	Peysusala
3. nóvember	Skemmtikvöld
18. nóvember	Lan
21. - 25. nóvember	SALSA vika – SALSA FM
24. nóvember	SALSABALL
28. nóv - 2. des	Harry Potter maraþon
2. desember	Jólaskreytingar, jólakakó
12. desember	Jólabingó
14. desember	Jólamynd
15. desember	Jólamatur

Nemendur hafa mikinn metnað fyrir því að halda uppi stemningu í skólanum.

Mikilvægt að kynna salsaballið á jákvæðum nótum og framsetning á öllum viðburðum skiptir miklu máli.

Viðbragsáætlun skólans varðandi einelti og ofbeldi

KP kynnir stefnu og viðbragðsáætlun skólans gegn einelti og hvers kyns ofbeldi. Einnig mun KP og fulltrúi nemenda fara á fund með ráðuneytinu seinna í dag varðandi málið.

Spurt var um hvort FG væri með neyðarhnapp á heimsíðu skólans þar sem hægt er að segja frá einelti eða öðru ofbeldi. Svárið er nei og við tók umræða um gagnsemi slíks hnapps þar sem hægt er að setja inn nafnlausar upplýsingar. Persónuvernd er mikilvægt að hafa í huga. Námsráðgjafar skólans ætla að setja á heimasíðu skólans hvaða leiðir eru í boði ef nemandi vill fá aðstoð varðandi svona erfið mál. Aðgengi að námsráðgjöfum er mjög gott.

Nýlega er búið að dagsetja Skólaping í skólanum, 7. desember. Mikilvægt að heyra raddir nemenda á ýmsum málefnum m.a. stefnu og viðbragðsáætlun varðandi ofbeldi.

Kynning á starfi skrifstofu skólans

Hrafnhildur Guðmundsdóttir skrifstofustjóri kom inn á fundinn. Á skrifstofunni starfar hún ásamt Hlédísi Þorbjörnsdóttur. Þær sjá um almenna umsýslu í kringum nemendur t.d. selja bækur, setja á plástur og vinna ýmsa vinnu í Innu. Hrafnhildur sinnir líka skjalavörslu í skólanum, hún skjarar allt í GoPro. Mikil vinna fer nú fram í gegnum tölvu og þ.a.l. hefur ýmislegt breyst. Til að mynda fer öll veikindaskráning fram í gegnum Innu og samhliða því hefur símtölum fækkað verulega.

Önnur mál

Fríða kynnti niðurstöðu nemenda sem voru að skrifa um kosti og galla skólans. Nemendur í hópnum eru ánægðir með þriggja anna kerfið og fríð sem skapast á milli anna, meirihluti nemenda var ánægður með kennara skólans, mötuneytið er gott og endurvinnslan er það sem nemendur telja skólanum til tekna. Nemendur höfðu áhyggjur af neyðarútgangi á annarri hæð og fannst salernin of fá, einnig bar fjöldi nemenda í skólanum á góma. Eitt af því sem nemendur vilja að verði betra er þjónusta strætó.

Í framhaldinu ætlar skólanefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ að koma á fundi með bæjarstjóra Garðabæjar og fulltrúa Strætó í Garðabæ við stjórnendur og fulltrúa nemenda um strætósamgöngur. Óboðlegt er að unga fólkið séu eins og sardínur í dós á leið í skólann á morgnana og að ferðir séu of fáar.

Foreldraráð gerði könnun meðal foreldra um hvort seinka eigi skólabyrjun á morgnana. Meirihluti þeirra sem tóku þátt voru sammála því. Ef seinka á skólabyrjun þá getur skólinn byrjað í fyrsta lagi kl. 8:50 því annars rekst það á við skólabyrjun Hofsstaðaskóla og það gengur ekki. Margir nemendur vilja byrja seinna en alls ekki vera lengur á daginn. Umræðan er góð og gott að fara í gegnum þetta annað slagið.

Næsta skólanefndarfundi verður seinkað, líklega til 8. desember. Þá verður Skólapingið búið og hægt að segja frá helstu niðurstöðum fundarins.

Fundi slitið.